

Mánudaginn 9. desembermán.

Nr. 25/1878: Rjettvísinn

gegn

Jóni Jónssyni og Helgu Sigurðardóttur.

Dómur:

Með dómi kveðnum upp fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 12. dag septembermán. þ. á. eru þau Jón Jónsson, ógiptur maður, og Helga Sigurðardóttir, gipt kona, dæmd fyrir hneixlanlega sambúð í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, þar á meðal málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns þeirra 10 kr., en þeim dómi er eptir ósk hinna ákærðu skotið til yfirdómsins.

Með amtsbrjefi, dagsettu 15. júnímán. þ. á., voru hin ákærðu áminnt um að skilja og slíta hneixlanlegri sambúð, er þau höfðu lifað saman í frá því í nóvembermánudi árið áður, og var þeim jafnframt gefið til kynna, að ef þau hjeldu áfram slíkri sambúð eptir að áminning amtsins hefði verið birt þeim, þá mundi verða höfðað sakamál gegn þeim til refsingar eptir hinum almennu hegningarlögum.

Þessi áminning amtsins var birt hinum ákærðu 17. júní, en aðfaranóttina hins 20. næsta á eptir kom lögreglustjórinn ásamt öðrum lögregluþjónum og næturverðinum að þeim í ólæstu geymsluhúsi eða hjalli við Miðbýliskot hjer í bænum, þar sem þau frá því seinast í maímánudi höfðu búíð saman í litlum klefa. Í fyrstu þrættu þau fyrir að hafa haldið áfram hneixlanlegri sambúð eptir að áminning amtsins hafði verið birt þeim; var Jón þá settur í gæzluvarðhald og eptir nokkrar vífilengjur meðgengu þau, að þau hefðu sofið saman í sama rúmi tvær af þeim þrem nóttum, sem liðu

frá því að áminningin var birt þeim og þangað til Jón var settur í varðhald, en þriðju nóttina hafði Helga sofð í rúminu í klefanum, en Jón í fleti við hliðina á rúminu.

Þar eð það þannig er löglega sannað, að hin ákærðu hafi haldið áfram hneixlanlegri sambúð þó að yfirvaldið hefði áminnt þau um að skilja, þá ber að dæma þau til refsingar samkvæmt 179. gr. hegningarlaganna, og virðist hinni ákærðu Helgu Sigurðardóttur þá hæfilega refsað með 5 daga fangelsi við vatn og braud, en hinum ákærða Jóni Jónssyni, eins og í undirrettardóminum er ákveðið, með 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Að því er snertir málskostnað í hjerði ber að staðfesta undirrettardóminn, þó þannig, að Jón Jónsson borgi einn kostnaðinn af varðhaldi sínu; svo ber hinum ákærðu og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 12 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Helga Sigurðardóttir á að sæta fangelsi við vatn og braud í 5 daga, að öðru leyti á undirrettardómurinn óraskaður að standa, þó þannig, að hinn ákærði Jón Jónsson borgi einn kostnaðinn af varðhaldi sínu. Allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og cand. phil. Ásmundar Sveinssonar, 12 kr. til hvors, ber hinum ákærðu að greiða in solidum.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lög-  
um.

Nr. 17/1878: Árni Jónsson, Magnús Benediktsson  
og Grimur Ólafsson

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

Úrskurður:

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir farið því fram, að dómur aukarjettar Kjósar og Gullbringusýslu dags. 6. maí þ. á. verði dæmdur ómerkur og aðalmálinu vísað frá, sem og að fá málskostnað, en til vara, að þeim verði veittur frestur til tilsvara í aðalefni málsins, og hefur því mál þetta verið tekið til úrskurðar eða dóms.

Aðalrjettarkröfu sína hafa áfrýjendurnir byggt á því, að mál þetta ekki hafi náð löglegri satta tilraun með því að verzlunarstjóri Einar Jafetsson, er mætti fyrir hönd kaupmanns Thomsens, þá er málið 7. nóvbr. 1877 var fyrir sáttanefnd, ekki hafi haft umboð til þessa, heldur málafærslumaður sá, er kaupmaður Thom-  
sen hafði gefið umboð í máli þessu 20. septbr. 1877.

Þar eð í rjettargjörðunum er framlagt umboð frá kaupmanni Thomsen til verzlunarstjóra hans Einars Jafetssonar, dags 4. septbr. 1875, samkvæmt hverju hann hefur umboð yfir fasteignum hans (sbr. lands-  
leigubálg 28. kapitula, er gjörir slíkt að skyldu), og sjeð verður af áteiknun sáttanefndarinnar, að umboð þetta hefur verið framlagt í sáttanefndinni og ekki ve-  
fengt, heldur vottað af nefndinni, að sáttarumleitun hafi átt stað, verður þessi ástæða áfrýjendanna til að hrinda aukarjettardóminum ekki tekin gild, en þeim ber að veita hæfilegan frest til tilsvara í aðalefnum málsins.